**9. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 5. desember 2018 klukkan 8:00**

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Eydís Hrönn Tómasdóttir sem varamaður Ágústu Guðmarsdóttur, Brynja J. Jónasdóttir, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar.

1. **Fjárhagsáætlun Ásahrepps 2018 – 2022; lokaumræða og afgreiðsla.**
Fjárhagsáætlun 2019 – 2022 fyrir Ásahrepp lögð fram til lokaumræðu og afgreiðslu. Sveitarstjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætluninni og skýrði ýmsa liði. Helstu kennitölur áætlunarinnaar fyrir samstæðureikning eru (í þús. kr.):

| **Samstæða (A- og B-hluti) Rekstrarreikningur** | **2019** | **2020** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 313.525 | 325.955 | 337.341 | 349.141 |
| Gjöld | 305.511 | 315.531 | 328.280 | 338.738 |
| Niðurstaða án fjármagnsliða | 8.014 | 10.424 | 9.062 | 10.403 |
| Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld) | (1.805) | (1.937) | (1.403) | (936) |
| **Rekstrarniðurstaða** | **6.209** | **8.487** | **7.658** | **9.467** |

| **Efnahagsreikningur** | **2019** | **2020** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | |
| Fastafjármunir | 413.519 | 406.736 | 399.577 | 397.922 |
| Veltufjármunir | 36.822 | 51.654 | 65.970 | 76.528 |
| **Eignir samtals** | **450.341** | **458.391** | **465.548** | **474.450** |

| **31. desember** | **2019** | **2020** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | | |
| Eigið fé | 393.011 | 401.499 | 409.157 | 418.624 |
| Langtímaskuldir | 36.600 | 35.902 | 35.144 | 34.322 |
| Skammtímaskuldir | 20.729 | 20.989 | 21.246 | 21.504 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | 57.329 | 56.892 | 56.391 | 55.826 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **450.341** | **458.391** | **465.548** | **474.451** |

Gert er ráð fyrir nettó fjárfestingu sem hér segir í þúsundum króna:

| | **2019** | **2020** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|---|
| Eignasjóður | 20.050 | 9.500 | 9.500 | 15.500 |
| Fráveita | 2.160 | 0 | 0 | 0 |
| **Samtals** | **22.210** | **9.500** | **9.500** | **15.500** |



EHT EG

Ekki er gert ráð fyrir lántöku vegna framkvæmda á árinu 2019.

Oddviti bar upp fyrirliggjandi tillögu að fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árin 2019 – 2022 til samþykktaar. Tillagan var samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að senda lögbundnum aðilum afrit af samþykktri áætlun í samráði við KPMG endurskoðun.

2. **Fræðslufundur fyrir hreppsnefndarfulltrúa í boði KPMG um fjármál og stjórnsýslu.**

Á 8. fundi hreppsnefndar var tekið fyrir boð KPMG endurskoðunar þar sem hreppsnefnda Ásahrepps var boðið fræðslufundur að kostnaðarlausu, þar sem fjallað verður um stjórnsýslu í tengslum við fjármál sveittarfélaga. Mætt voru á fundinn frá KPMG þau Auðunn Guðjónsson og Sesselja Árnadóttir.

Fundargerð yfirlesin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30.

| | |
|---|---|
| Ásta B. Ólafsdóttir | Elín Grétarsdóttir |
| Guðmundur Gíslason | Eydís Hrönn Tómasdóttir |
| Brynja J. Jónasdóttir | Valtýr Valtýsson |